**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 153/2024** **2024/EES/76/05**

**frá 5. júlí 2024**

**um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/750 frá 29. febrúar 2024 um endurnýjun á leyfi fyrir tómatíni sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 869/2012 ([1]).

2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/752 frá 29. febrúar 2024 að því er varðar synjun um leyfi fyrir blöndu með astaxantín-auðugum *Phaffia rhodozyma* (ATCC SD-5340) sem fóðuraukefni fyrir lax og silung ([2]).

3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/754 frá 29. febrúar 2024 um leyfi fyrir blöndu með *Bacillus subtilis* DSM 32324, *Bacillus subtilis* DSM 32325 og *Bacillus amyloliquefaciens* DSM 25840 sem fóðuraukefni fyrir allar tegundir alifugla til eldis eða sem eru aldir til varps eða aldir til undaneldis (leyfishafi er Chr. Hansen A/S) Hansen A/S) ([3]).

4) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/763 frá 29. febrúar 2024 um endurnýjun á leyfi fyrir blöndu með *Lactiplantibacillus plantarum* NCIMB 30083 og *Lactiplantibacillus plantarum* NCIMB 30084 sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 308/2013 ([4]).

5) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/764 frá 29. febrúar 2024 um leyfi fyrir blöndu með *Bacillus subtilis* CNCM I-4606, CNCM I-5043 og CNCM I-4607 og *Lactococcus lactis* CNCM I-4609 sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir ([5]).

6) Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2024/750 fellir úr gildi framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 869/2012 ([6]), sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott samkvæmt samningnum.

7) Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2024/763 fellir úr gildi framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 308/2013 ([7]), sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott samkvæmt samningnum.

8) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um fóður. Ákvæði löggjafar um fóður skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur varðandi aðlögun á tilteknum sviðum í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.

9) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

---

([1]) Stjtíð. ESB L, 2024/750, 1.3.2024.
([2]) Stjtíð. ESB L, 2024/752, 1.3.2024.
([3]) Stjtíð. ESB L, 2024/754, 1.3.2024.
([4]) Stjtíð. ESB L, 2024/763, 1.3.2024.
([5]) Stjtíð. ESB L, 2024/764, 1.3.2024.
([6]) Stjtíð. ESB L 257, 25.9.2012, bls. 7.
([7]) Stjtíð. ESB L 94, 4.4.2013, bls. 1.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

*1. gr.*

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi liðir bætast við á eftir 554. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/285):

„555. **32024 R 0750**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/750 frá 29. febrúar 2024 um endurnýjun á leyfi fyrir tómatíni sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 869/2012 (Stjtíð. ESB L, 2024/750, 1.3.2024).

556. **32024 R 0752**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/752 frá 29. febrúar 2024 að því er varðar synjun um leyfi fyrir blöndu með astaxantín-auðugum *Phaffia rhodozyma* (ATCC SD-5340) sem fóðuraukefni fyrir lax og silung (Stjtíð. ESB L, 2024/752, 1.3.2024).

557. **32024 R 0754**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/754 frá 29. febrúar 2024 um leyfi fyrir blöndu með *Bacillus subtilis* DSM 32324, *Bacillus subtilis* DSM 32325 og *Bacillus amyloliquefaciens* DSM 25840 sem fóðuraukefni fyrir allar tegundir alifugla til eldis eða sem eru aldir til varps eða aldir til undaneldis (leyfishafi er Chr. Hansen A/S) Hansen A/S) (Stjtíð. ESB L, 2024/754, 1.3.2024).

558. **32024 R 0763**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/763 frá 29. febrúar 2024 um endurnýjun á leyfi fyrir blöndu með *Lactiplantibacillus plantarum* NCIMB 30083 og *Lactiplantibacillus plantarum* NCIMB 30084 sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 308/2013 (Stjtíð. ESB L, 2024/763, 1.3.2024).

559. **32024 R 0764**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/764 frá 29. febrúar 2024 um leyfi fyrir blöndu með *Bacillus subtilis* CNCM I-4606, CNCM I-5043 og CNCM I-4607 og *Lactococcus lactis* CNCM I-4609 sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir (Stjtíð. ESB L, 2024/764, 1.3.2024).“

2. Texti 67. liðar (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 869/2012) og 81. liðar (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 308/2013) fellur brott.

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2024/750, (ESB) 2024/752, (ESB) 2024/754, (ESB) 2024/763 og (ESB) 2024/764, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. júlí 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. júlí 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Anders H. Eide***

formaður

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.